

Skýrsla um viðhorf starfsfólks í þróunar- og rannsóknarverkefninu *Okkar mál*
Vor 2014

Höfundur: Brynja Elísabeth Halldorsdóttir (PhD)

ISBN: 978-9935-9173-7-9

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Upphaf verkefnis og aðkoma helstu aðila.....	3
Kafli 1. Það sem hefur gengið vel	5
Ímynd skóla og hverfis út á við.....	8
Helstu afrek á fyrstu tveimur árum verkefnisins <i>Okkar mál</i>	8
Kafli 2. Byrjenda erfiðleikar	13
Byrjunar erfiðleikar.....	13
Reynsla og viðhorf viðmælenda til samstarfsaðila, kennara og nemenda.....	14
Menningarlegir og félagslegir þættir.....	15
Frumkvæði og eignarhlut	15
Kafli 3. Næstu skref.....	17
Frumkvæði, ábyrgð og samstarf.....	17
Foreldrasamstarf	18
Stóru stefnurnar	19
Lokaorð:.....	20

Inngangur

Okkar mál, er verkefni til fimm ára og þetta er áfangaskýrsla í lok annars árs verksins. Helstu markmið verkefnisins voru að efla samstarf milli skóla og stofnana í Fellahverfi, efla foreldra samstarf við skólana, þróa færni, skilning og vinnu með fjölbreyttum hópi. Lykilmarkmið verkefnisins er að efla læsi og íslensku getu ungra nema í Fellahverfi Breiðholts. Verkefnið er unnið í leikskólunum Holti og Ösp, Fellaskóla, Þjónustumiðstöð Breiðholts, og frístundaheimilis og félagsmiðstöðvarinnar í Gerðubergi. Einnig var unnið að því að virkja samstarf kennara og starfsfólks í þessum skólum og þjónustumiðstöðvar í hverfinu. Grunnhugmyndin með þessu starfi er að efla læsi og málþroska nemenda sem sækja í leik- og grunnskóla í hverfinu meðal annars með því að efla samstarf milli skólastiga og að byggja brýr sem auðvelda nemendum að stunda nám og færast á milli skólastiga.

Aðkoma rannsakanda og rannsóknarhóps: Að beiðni Þorbjargar Þorsteinsdóttur verkefnisstjóra var í vetur skipulagður rannsóknarhópur á Menntavísindasviði Háskóla Íslands (það var talað um að gera einhverskonar könnun á starfinu en hafði ekki enn verið skipulagt). Brynja Halldórsdóttir var fengin sem forstöðukona nefndarinnar, en nefndin skipuð: Kolbrún Pálsdóttir, Þórdís Þórðardóttir, Hanna Ragnarsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir, Þorbjörg Þorsteinsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir. Nefndin fundaði tvisvar og var niðurstaða síðustu fundar að leitað yrði til stýrihóps um hvaða upplýsingar og hverskonar rannsókn þau vildu fá. Og var niðurstaðan að gott væri að skoða stöðu verkefnisins, gera einfalda og litla úttekt á starfi síðust tveggja ára. Síðan í maí var Brynja beðin að koma og taka nokkur viðtöl til að skoða hvernig samstarfið gengi.

Aðferðir: Gögnum var safnað með því að taka opin rýnihópaviðtöl með þátttakendum verkefnisins. Viðtölin voru hljóðrituð og greind af rannsakanda. Fram komu þrjú meginþemu: velgengi, umbætur, framtíð. Voru helstu niðurstöður kynntar í október 2014 og fékk stýrihópur, bæði yfirlit um niðurstöður og glærukynningu á fundi.

Tekin voru fimm viðtöl í maí og júní 2014:

Einstaklings viðtöl:	Þorbjörg Þorsteinsdóttir verkefnastjóri <i>Okkar máls</i> (19.5)
	Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnastjóri Skóla og Frístundasviði Rvk (24.6)
Rýnihópa viðtöl:	Deildarstjóra leikskóla Holts og Aspar (26.5)
	Skólastjóra, deildarstjóra og eins kennara í Fellaskóla (2.6)
	Stýrihóparfundur (6.6)

Ekki náðist að tala við alla kennara á fyrsta og öðru ári í Fellskóla, starfsfólk í þjónustumiðstöð Breiðholts eða frístundaleiðbeinendur eins og ætlað var. (Það bíður þar til vorið 2015).

Lagðar voru sömu sex spurningar fyrir alla viðmælendur.

- Hvernig var aðkoma þín að verkefninu OM?
- Hver er reynsla þín af verkefninu?
- Hvað finnst þér hafa gengið vel?
- En hvað gekk ekki vel eða mætti hafa farið betur?
- Hvað viltu sjá gerast næst?
- Hvert viltu sjá verkefnið stefna?

Viðtölin voru opin og markmið þeirra voru a. Að auka skilning rannsakenda á verkefninu, umfang þess og uppruna, b. Að skoða reynslu mismunandi hópa í faglegu umhverfi. Einstaklings viðtölin tóku milli 60 til 90 mínútur hvort. Rýnihópa viðtalið við deildarstjóra varði tvær klukkustundir. Viðtalið við þátttakendurna þrjá í Fellaskóla tók um 60 mínútur og stýrihópaviðtalið um 90 mínútur og tóku verkefnastjórar (3), skólastjórar leikskólanna og fræðilegur sérfræðingur verkefnisins þátt í því. Voru öll viðtölin hljóðrituð og afrituð af rannsakanda.

Þessi skýrsla gerir grein fyrir reynslu og viðhorfum starfsfólks eins og þau birtust í ofangreindum viðtölum. Skýrslunni er skipt í þrjá kafla. Í fyrsta kafla er fjallað um það sem þátttakendur töldu hafa gengið vel og hver væri helsti ávinningurinn af verkefninu hingað til. Í öðrum kafla er greint frá því sem viðmælendur töldu vera byrjendaörðugleika og gerð er grein fyrir viðhorfsbreytingum þátttakenda frá upphafi verks þar til viðtölin fóru fram. Þriðji kaflinn fjallar um næstu skref og hvernig viðmælendur töldu að þeirra vinnustaðir myndu vinna með verkefnið á næstu árum. Auk þess er gerð grein fyrir næstu skrefum rannsakanda og rannsóknarhóps, úttekt og kortlagningu verkefnisins. En fyrst er fjallað stuttlega um hvernig verkefnið hófst og hvernig helstu aðilar sem komu verkefninu af stað.

Upphaf verkefnis og aðkoma helstu aðila.

„Málið er miðill menningarinnar.“

Við upphaf verkefnisins var ákveðið af þeim hópi sem sótti um styrk til verksins til Reykjavíkurborgar að í Fellahverfinu væri æskilega að vera með „átak“ og vinna þurfti markvisst að bæði eflingu hverfis anda og vinna með eflingu mál og læsi í skólum. Ein skólastýran hafið í MA námi sínu sótt námskeið um málþroska og læsi hjá Hrafnhildi Ragnarsdóttur. Í kjölfarið var byrjað að skipuleggja verkefni og sótt um styrk frá Reykjavíkurborg. Verkefnið *Okkar mál* var hleypt af stökkunum sumarið og haustið 2012. Megináhersla var lögð á að þróa læsi og menningarleg tengsl í hverfinu en hópnum fannst brýn þörf á því.

Hugmyndir Nichole Mosty beindust að því að efla fagmennsku og að greina hvaða áherslur væru mikilvægastar til að efla þann sívaxandi hóp barna sem komu til leiks í skólana með erlent móðurmál og fyrir þau og börn sem áttu við félagsleg vandamál að etja. Að sögn kennara hófst þetta starf í verkefninu „Regnboginn“ í Fellaborg. Kennarar og starfsfólk efldu skilning sinn á hverfinu og í kjölfarið töldu þeir að starfið yrði markvissar ef litið væri á hverfið sem heildareiningu. Samtímis glímdu skólastjórnar og aðrir við skort á fagfólki í leikskólunum. Úr þessu þróaðist sú hugmynd að hjálpa nemendum til að koma út í plús og að draga úr fordómum og neikvæðum hugmyndum um málþroska tvítyngdra barna.

Þorbjörg og Fríða Bjarney hafa unnið að verkefninu frá upphafi, en *Okkar mál* er hugsað sem samsafn nokkurra verkefna sem voru í gangi eða voru að fara í gang en *Okkar mál* er eins konar regnhlíf fyrir öll fjölmenningsleg og félagsleg verkefni sem eru í gangi í hverfinu. Fríða Bjarney hafði verið að vinna í leikskólum og í samstarfi við grunnskólann, og fannst mikilvægt að finna leiðir til að efla samstarf milli skólastiga, hverfamiðstöðva og aðila á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. *Okkar mál* varð til sumarið 2012.

Í upphafi var lögð áhersla á að samþætta starfið og að sameinast um átak fyrir fjöltyngd börn og fjölskyldur um leið og þróuð var læsistefna þátttökuskólanna og sköpuð yfirsýn yfir verkefni sem voru í gangi í Fellahverfinu í Breiðholti. Var meðal annars talið gott að byggja upp samstarf við fræða fólk úr Háskóla Íslands, og var Hrafnhildur Ragnarsdóttir fengin sem einn af sérfræðingum verkefnisins því hennar rannsóknarsvið er tengt mál og læsi. Að sögn kennara hafði komið í ljós að leikskólabörn væru ekki nægilega vel undirbúin fyrir grunnskólann, og þeir töldu að skapast hefði bil á milli skólastiga, þó að upplýsingar fylgdu nemendum milli skólastiga, fannst kennurum vanta samræmingu milli leikskóla og grunnskóla, það var t.d. nefnt að nemendur kynnu ekki að telja eða skrifað nafn sitt með lágstöfum.

Í *Okkar máls* verkefninu er unnið markvisst að því að auka samstarf milli tveggja leikskóla, eins grunnskóla og ýmissa hverfamiðstöðva innan hverfis. Eins og fram hefur komið eru í gangi nokkur mismunandi verkefni sem ætlað er að styrkja námsárangur allra nemenda í hverfinu með því að í að efla bæði félagsleg og menningarlega þekkingu barna og fjölskyldna. Eitt af verkefnum *Okkar máls* er að vinna samhliða þeim verkefnum sem eru að skila góðum árangri í að efla læsi og velferð barna í Fellahverfi. Í næsta kafla er þróun samstarfs milli skólanna lýst um leið og gerð er grein fyrir mati þátttakenda á helstu ávinningnum verkefnisins á þessum fyrstu tveimur árum.

Kafli 1. Það sem hefur gengið vel

(Hvað finnst þér hafa gengið vel?/ Hver er reynsla þín af verkefninu?)

Í viðtölunum sem og í rýnihópaviðtölum kom fram að öllum sem að því komu fannst verkefnið hafa gengið vel.

Sagt var frá því að lítil sem engin samskipti hafi verið á milli skólastiga og milli skóla í hverfinu áður en verkefnið hófst. Annar leikskólinn hafði sameinast tveimur öðrum skólum fyrir nokkrum árum og hinn skólinn breytt starfsemi sinni í kjölfar nýs leikskólastjóra. Óstöðugleiki í starfsmannahaldi og skortur á fagfólki hefur skapað aukið álag í þeim skólum sem taka þátt í verkefninu en samstarfið innan hópsins hefur verið styðjandi en að sögn verkefnisstjóra er unnið að því að mynda heildar starfsemi sem styður við starfsemi skólanna og reynslu barnanna. Að sögn verkefnastjóra þegar verkefninu *Okkar mál* var hleypt af stokkunum þróaðasti það í einskona regnhlíf utan um önnur verkefni með svipuð markmið í hverfinu. Eitt markmiðið var að byggja upp og styrkja samstarfið milli skólastiga. Fram kom í viðtölum að í upphafi verksins hafi hugmyndir þátttakenda um starfsemi á öðrum skólastigum en þeim sem þeir unnu á einkenndist af misskilningi og fordómum.

En í viðtölum við kennara og deildarstjóra kom fram að viðhorf kennara hafði þróast til aukins skilnings með til komu samstarfsins. Leikskólakennarar sem höfðu upplifað að þeirra sögn „fyrirlitningu“ töldu það nú að mestu horfið og sögðu meðal annars að gott væri að kynnast starfi grunnskólans og fá tækifæri til að upplýsa grunnskólakennara um starfið sem unnið er í leikskólunum. Þó að fyrstu fundir milli skólanna hafi verið erfiðir að sögn þátttakenda fundu allir fyrir töluverðum breytingum til hins betra. Samskiptin fóru smám saman að einkennast af betri skilningi á ólíkri nálgun kennaranna eftir skólastigum og um leið aukinni samræmingu og samstarfi. Kennurum fannst mikilvægt að þekkja kennarana í hinum skólunum þar sem það auðveldaði samskipti þegar upp komu spurningar. Að mati viðmælenda gekk samstarfið mun betur seinna árið og þeir töldu að bilið á milli vinnustaðanna sem koma að verkinu hafa minnkað fyrir tilstilli verkefnisins.

Samstarf við Reykjavík borg

Í viðtölum við verkefnastjóra kom fram að í upphafi upplifðu þátttakendur fjarlægð frá Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sem varð til þess að samskipti urðu erfið. Í sumum tilfellum virtist hverfið vera ótengt miðlægu starfi. Með tilkomu verkefnisins og aðkomu verkefnastjóra sem hélt utan um verkefnið, stýrði vinnu og fundum og vann sem tengiliður milli Skóla- og frístundasvið og þátttökuskólanna í verkefninu, myndaðist einskona brú á milli starfseininga. Þátttakendur mátu það sem svo að mikilvægt væri að samstarfsaðilar upplífðu sig sem jafninga og að þekkingin sem til var í einstökum einingum var bæði nýtt og viðurkennd. Verkefnastjóri og tengiliður töluðu um að í skólunum byggji rík þekkingarhefð og kunnátta sem gagnast mest þegar upplýsingum væri deilt milli skóla, hverfa og sveitarfélaga. Bæði kennarar og starfsfólk skóla- og frístundasvið

Reykjavíkurborgar upplifðu aukið jákvætt samstarf eftir því sem leið á verkefnið. Í starfsfólkiinu býr mikil þekking og öflugt samstarf er komið af stað í skólum hverfisins.

Þátttaka í fundum og fræðslu í hverfinu og á höfuðborgarskrifstofu minnkaði bilið sem þau þátttakendur skynjuðu milli aðalskrifstofu og skólanna í Breiðholti í upphafi verkefnis og var samstarfið við SFS séð sem jákvæð eflning starfseminar. Einnig töluðu kennarar og deildarstjórar um þeir fyndu að sterkari tengsl við skrifstofu Reykjavíkur var góð leið til þess að brúa bilið á milli þessara starfsmanna og var það kostur að hafa aðgang að nýjum hugmyndum sem komu með þessu samstarfi. Aðgangur að utanaðkomandi fagfólki sem bauð upp á nýir og örfandi hugmyndir ýtti undir starfið og jók tengsl skóla hverfisins útá við. Tækifærin sem gáfust til að tala um reynslu og upplifun á starfi sínu hjálpaði kennurum og starfsfólki almennt til að upplifa starf sitt sem mikilvægt og krjefjandi. Mikilvægt var að sjá, skilja og meta litla óformlega hluti sem væru í gang og vinna saman á jafnræðis grundvelli frekar en í aðskildum einingum eins og var fremur gert fyrir tilkomu verkefnisins. Einnig var það talinn mikill kostur að nýi verkefna- / deildarstjóri í Fellaskóla væri aðgengilegur. Þátttakendur töldu jafnframt mikilvægt að fá fræðslu frá fólki með mismundandi þekkingu, fjölbreytt námskeið og fundi til að minnka bilið milli skóla, og SFS, starfsmanna og foreldra, kennara og barna.

Þátttakendur töldu að þeir væru að byggja upp sameiginlega sýn á hverfið í heild sinni og nefndu að mikilvægt væri að brjótast út úr sínu nánasta umhverfi og vinna gott og mikilvægt starf í samstarfi við aðra í sömu sporum.

Samstarf milli skólastiga

Samstarf milli skólastiga er eitt af mikilvægustu hlutverkum verkefnisins en litið er svo á að það sé vænlegra til árangurs að skapa samvinnu milli leikskóla og grunnskólans í hverfinu. En að hver og einn skóli feti stíginn án þess að kunna skil á því sem fram fer í nágrannaskólunum.

Deildarstjórar og kennarar töluðu mikið um að aukin tengsl og samskipti milli skólastiga, (skóla og frístund) væri til bóta í starfi og í upplifun þeirra sem fagfólks í góðu samstarfi. Fræðsla sem bauðst í tengslum við verkefnið eflði og studdi við þekkingar myndun starfsmanna og var í leiðinni einskonar viðurkenningu á starfi þeirra. Reglulegir fundir og aðrar uppákomur urðu til þess að betra upplýsinga flæði myndaðist á milli skólastiga. Fleiri fundir höfðu í för með sér að auðveldara varð að skila ýtarlegri upplýsingar um nemendur og fjölskyldur milli skólastiga en þegar einungis skýrslur fylgdu börnum milli skólastiga.

Á fyrsta fundi grunn- og leikskólakennara kom í ljós að skólastigin unnu með ólíkar námstefnur og menntaáherslur. Leikskólakennararnir vissu ekki hvað grunnskólakennarar vildu að börnin kynnu þegar þau komu í fyrsta bekk og töldu gott að fá lista frá þeim um hvað þeir teldu að börnin ættu að kunna í upphafi skólagöngu. Kennarar í Fellaskóla nefndu tæknilega hluti: eins og kenna þyrfti börnum að klippa, læra að telja og að börn kynnu að skrifa nafn sitt með lágstöfum. Leikskólakennarar töldu mikilvægara að virkja félaglega þætti

en í gegnum þá styrkjast námsleiðir barnanna. Málörvun fer fram í leikskólum en á forsendum barnanna sjálfra ekki kennaranna. Í leiksskólanum var unnið með byrjenda læsi en í gegnum leiki og reynt er að skapa hvetjandi námsumhverfi.

Að lokum töluðu allir kennarar um að tækifæri til að kynnast fagmennsku og starfsemi á öðrum stigum hafi aukið þekkingu þeirra og skapað fleiri tækifæri til að skipuleggja nám og kennslu við hæfi allra barna. Þegar grunnskólakennarar að beiðni leikskólakennara upplýstu um hvaða þekkingu þeir gerðu ráð fyrir að börnin byggju yfir þegar þau mættu í grunnskólann, breyttu leikskólakennararnir skipulaginu í leikskólunum með tilliti til þessara upplýsinga. Að auki fóru leikskólakennarar í nokkrar vettvangs heimsóknir í grunnskólann og fannst mikilvægt að sjá hver aðstaða barnanna var og hvernig kennslan fór fram. Leikskólakennararnir voru líka ánægðir að fá tækifæri til að kynna starf leikskólanna fyrir grunnskólakennurum. Þar sem þeir töldu þetta auka skiling grunnskólakennara á þekkingu og fagmennsku leikskólakennara. Kennarar ræddu viðhorfsbreytingar sem þeir höfðu fundið fyrir með tilkomu samstarfsins. Þeir upplifðu m.a. aukna virðingu fyrir starfi sínu og að auki upplifðu leikskólakennarar stolt þegar þeir fundu fyrir viðurkenningu á fagmennsku sinni, Sömu tilfinningar komu í ljós hjá grunnskólakennurum. Þær töluðu um hve mikilvægt væri að kynnast starfi leikskólakennara og sjá að á baki starfsins lá krefjandi, vel skipulagt og úthugsuð vinna.

Samstarf milli leikskóla

Verkefnið hefur stuðlað að auknum tækifærum fyrir samstarf milli leikskólanna tveggja. Leikskólarnir Ösp og Holt sem eru í göngufæri hvor við annan en höfðu lítil samskipti fyrir upphaf verkefnis en var rætt um að vinna að betra samstarfi næsta skóla ár. Leikskólastarf er krefjandi, en fram kom í viðtölum að í þessum tveimur skólum hafi skapast aukið álag þar sem megin þorri barna og foreldra höfðu íslensku sem annað (eða erlent) tungumál. Með fundum í stýrihópi og með verkefnastjórum gafst tækifæri til að ræða starfsemi leikskólanna, finna sameiginlega snertifleti og kynna áhugaverð og ný verkefni sem voru í gangi. Nokkrar hugmyndir komu fram um tækifæri til að vinna sameiginlega að verkefnum með elstu börnin í leikskólunum sem dæmi um þetta nefndu kennarar sameiginlega gönguferð í Elliðarnardalnum vorið 2014.

Í viðtali við deildastjóra skólanna kom fram að viðtalið var fyrsta tækifærið sem kennurum gafst til að ræða starfið. Þar voru sett fram markmið um að funda oftár saman á næsta starfsári. Rannsakandinn tók eftir að hvorki var gert ráð í fundargerðum né starfsáætlunum að deildarstjórar og kennarar á elstu deildum leikskólanna og kennarar yngstu bekkja grunnskólans hittust með reglubundum hætti. Þegar var verið að skipuleggja viðtölin kom í ljós að skólastjórnarnir voru áhugasamir um að vera viðstaddir fundi með deildarstjórum og kennurum en rannsakandi vildi gefa þeim tækifæri til að tala hreinskilningslega og opið um sín störf án íhlutunar yfistjórnenda.

Samstarf milli skóla og þjónustumiðstöð Breiðholts (það á eftir að taka viðtöl við starfsfólk í þjónustumiðstöðinni.)

Ímynd skóla og hverfis út á við

Neikvæð umræða vegna félagslegra vandamála og fjölda íbúa af erlendum uppruna í Breiðholti og Fellahverfi hefur verið áhyggju mál í tengslum við ímynd skólanna og þá þjónustu sem er í boði í hverfinu. *Okkar mál* verkefnið virðist vera að bæta ímynina. Meðal annars vegna samstarfs skólanna sem hefur bæði haft . jákvæð áhrif á viðhorf kennara og foreldra væri hægt og rólega að breytast og fá þeir vissa hvatningu við að heyra að börn kennarar og skólastjórar stunda nám í hverfsskólanum og að þeir séu ánægðir með starfið. Að auki hefur *Okkar mál* fengið nokkrar viðkenningar eins og Orðsperið 2014 þar á frá Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar sem sér hverfið í nýju og jákvæðara ljósi eftir að verkefninu var hleypt af stokkunum. Á sama tíma var umfjöllunin um skólana í hverfinu jákvæðari, sem dæmi þar má nefna í haust (2014) var fjallað um Fellaskóla í fréttum sem fjölmennningarlegan skóla, þegar hann var heimsóttur af matsnefnd á vegum Europe Intercultural Cities sem skoðaði fjölmennningarlegt starf í Reykjavík. Bæði skólastigin hafa verið um að kynna mismunandi starfsemi í skólunum, til dæmis söguskjóðurnar og svæðisflæðið sem fjallað er um nánar hér fyrir neðan.

Helstu afrek á fyrstu tveimur árum verkefnisins *Okkar mál*

Að sögn þattakenda eru fjöldi verkefna í gangi í skóunum samhliða verkefninu *Okkar mál*. Eitt af markmiðum rannsakenda og höfundar þessarar skýrslu er að að kortleggja öll verkefni sem eru eða hafa verið í gang í skólunum hvort heldur sem þau tengjast *Okkar máli* beint eða óbeint. Til dæmis er verkefnið *1,2 Fellaskóli* (sem samþættir 1. og 2. bekk og frístund í skólatíma til að efla mál og læsi nemenda) og *Blíð byrjun* (sem snerti starfsemi þjónustumiðstöðvar og aðgang íbúa að ýmiskonar þjónustu). Þetta verkefni hefur almennt aukið þekkingu kennara og starfsfólks á eigin fagmennsku og mikilvægi starfsins sem þau eru að vinna með börnunum.

Útskrift leikskólanema

Eitt fyrsta og líklega næst mesti árangur verkefnisins *Okkar máls* var að mati verkefnistjóra Útskriftdagur leikskólabarna sem fram fór í Fellaskóla vorin 2013 og 2014. Þar fór fram hátiðleg athöfn með börnum, foreldrum og leikskólakennurunum og grunnskólakennurum og skólastjóra Fellaskóla. Þessi athöfn þjónaði jafnframt sem fyrsta kynning foreldra leikskólabarnanna á grunnskóla hverfisins. Þessi athöfn bauð foreldra velkomna í grunnskólann og var til þess gerð að auðvelda samskipti foreldra og kennara í skólanum. Að hefja grunnskólagöngu getur verið ógnvekjandi og valdið miklum kviða en markmiðið á bakvið útskriftina í Fellaskóla var að auka öryggistilfinningu barna og foreldra þeirra í samskiptum við grunnskólann að mati kennara og skólastjóra. Útskriftin í Fellaskóla er jafnframt tilvalið tækifæri að kynna fyrir innflytenda foreldrum mikilvægi skóla í lífi

Íslendinga og hvernig samstarfi foreldra, kennara, og barna er háttað í skólunum. Þetta er eitt af mörgum tækifæri grunnskólans til að skapa og styrkja samband skólans við foreldra, íslenska jafnt sem erlenda. Þetta er tækifæri til að styrkja samfélag nemenda og foreldra þar sem virðing fyrir fjölbreytni og menningalegur mismunur er styrkleiki og skapar sérstöðu hverfisins í Reykjavík og á Íslandi.

Vorskólinn

Að mati flestra var sýnilegasta breytingin vegna verkefnisins *Okkar mál* „Vorskólinn.“ Hann stendur yfir í þrjá daga á vorin og fara börnin á elstu deildum beggja leikskólanna yfir í grunnskólann til að prófa að vera þar í hálfan dag. En vorskólinn er í raun sérniðið tækifæri fyrir leikskólabörn til að kynna grunnskólanum áður en formleg skólaganga þeirra hefst þar. Nemendur borða nesti í skólanum og fara svo aftur í leikskólanna eftir hádegi. Að sögn bæði verkefnastjóra og deildarstjóra var þetta góð og uppbyggjandi reynsla fyrir börnin þar sem hún hjálpar til að brúa bilið milli skólastiga. Maður getur ímyndað sér stolt barnanna bæði í vorskólanum og í útskriftinni að þar sem börnin upplifa þetta sem hátiðlega reynslu sem styrkir þau og dregur úr ótta þeirra, við breytingarnar sem verða þegar barn fer úr leikskóla yfir í grunnskóla. Eins og hefur þegar komið fram er eitt að markmiðum verkefnisins er að brúa bilið milli skólastiga fyrir börn og foreldra í hverfinu og eru bæði vorskólinn og útskriftin vel heppnuð. Nemendur fá kynna nýjum kennurum, einnig nefndi einn kennari það að með tilkomu bæði vorskólans og samstarfsins gerðu leik- og grunnskólakennarar sér grein fyrir að þá þekkingu sem nemendur búa yfir er meiri en gert var ráð fyrir og vildu grunnskólakennarar endurskoða hvaða verkefni þau buðu nemendum í vorskólanum.

Læsi áætlanir leikskóla

Með tilkomu verkefnis var lögð áhersla á að búa til metnaðarfullar læsistefnur í leikskólunum og er það að sögn verkefnastjóra vel á veg komið í báðum leikskólum. Í báðum skólum er unnið að málþroska og máltöku allra barna hvort sem þeirra móðurmál er íslenska eða þau eru tví- og fjöltyngd. Í báðum skólunum er hlutfall tví- og fjöltyngdra barna hátt (60% í Holti og 80% í Ösp). Í *Læsiáætlun Aspar* er tekið sérstaklega fram að mæta skuli öllum nemum og foreldrum með virðingu og eru foreldrar hvattir til að vinna með móðurmál barnanna. Á yngri deildum er málörvun unnin í gegnum tónlist, málöfvarstundir, og með spjaldtölvum. Á eldri deildum er einnig unnið að málörvun með einingakubbum, bókum, og spilum. Læsiáætlun Holts er í vinnslu en fram kemur í árskýrslu þeirra að verið að vinna að bókaverkefni – þema kassa sem hver deild vinnur með í 4-6 vikur í senn. Í hverjum kassa er bók og ýmiskonar verkefni til með málörvunar barnanna. Þetta verkefni er eitt af þeim sem er ekki beint hluti af *Okkar mál* en tengist inn í það þar sem verið er að vinna með mál og læsi barnanna.

Þátttökuaðlögun í leikskólum

Annað verkefni eða önnur breyting er þátttaka foreldra í aðlögun barna sinna í upphafi leikskólagöngu þeirra. Ferlið byrjar með foreldraviðtali, annaðhvort á heimili barnsins eða í

leikskólanum. Síðan hefst þriggja daga ferli þar sem foreldrar eru með barni sínu í leikskólanum. Fyrsta daginn eru foreldrar með í skólastofunni og taka þátt í starfi daginsins, sem og hvíldar- og matartíma. Annan daginn eru foreldrar með, en ekki eins mikið og daginn áður en vinna við að undirbúa fatahólf barna sinna. Þeir skreyta það og festa nafn barnins á það, útbúa myndamöppu sem er fest á vegg í augnhæð barnanna sem að börn get náð í þær hvenær sem er. Í Ösp er foreldrum boðið upp á viðtal við leikskólastjórann á heimili þeirra í stað þess að það fari fram í leikskólanum. Þessar nýungar eru ekki beinlínis hluti af verkefninu *Okkar mál*, en bæði framkvæmdin og markmiðin falla vel að markmiðum *Okkar máls*.

Markmiðið með því að bjóða foreldrum inn í skólanna er verið að brúa bilið milli heimila og skóla og bjóða foreldra og börn velkomið inn í skólakerfi sem gæti verið töluvert öðruvísi en foreldrarnir þekkja frá sínu heimalandi. Með foreldra þátttöku í aðlögunarferlinu er reynt að auðvelda börnum fyrstu skrefin í aðskilnaðarferli heimila og leikskóla. Á sama tíma er foreldrum sýnd virðingu og starfið sem er unnið í íslenskum leikskólum kynnt fyrir þeim. Foreldrar öðlast reynslu af leikskólastarfinu og læra að í leikskóla er unnið markvisst að menntun ungra barna. Jafnframt öðlast kennarar og skólastjórnir innsýn í fjölskyldulíf barnanna í þátttökuaðlöguninni meðan að foreldrar eru í skólanum með börnunum sínum sjá kennarar meðal annars hvernig foreldrar svæfa börnin sín og umgangast þau á matartíma eða almennt, sem aðstoðar kennarar við vinnu sína með börnunum.

Aukin læsiárangur í grunnskólanum

Fyrir aðkomu nýja læsisprófs sem nú verið að nota í grunnskólanum var læsisárangur barna í fyrsta og öðrum bekkur mjög lélegur. Enda var það læsi próf sem hafði verið lagt fyrir fjöltyngd börn voru sá sami og var ætlað eintyngdum börnum á íslensku, en núna eru til komin próf sem mæla betur lestrar getu fjöltyngdra barna. Með tilkomu þessa prófs samkvæmt deildarstjóra er betra hægt að skoða og skilja þarfir þessa nemendahóps.

Skólinn hefur líka verið að notast við K-Pals lestara aðferðina sem er féлага lestrar aðferð sem þjálfar lesfimi og lestrarskilning nemenda. Aðferðin notar bæði lestrar hraða barna og sérvalda texta sem eiga við lestrastig barnanna. Samkvæmt deildarstjóra í grunnskólanum var munur á læsi árangur nemenda í fyrsta og öðrum bekk síðan að *Okkar máls* verkefnið og önnur tengd verkefni eins og *1, 2 Fellskóli* og samstarf með Ardley Green og skólastjóri hans byrjaði. Hinvegar eins og fram kom í viðtölum er ekki hægt að rekja slíkar breytingar til eins ákveðis, heldur er þetta margþætt.

Bóka- og námspokar

Báðir leikskólarnir og grunnskólinn hafa skipulagt sögupoka sem fara heim með nemendum og eru deild með foreldrum. Hver pokinn inniheldur bók sem barnið hefur lesið í skólanum og fylgir með dagbók og upplýsingarblað um hvað foreldrar geta gert með börnum sínum í tengslum við bókina. Á leikskólastigi eru bækurnar mjög myndrænar og eru foreldrar hvattir til að tala um bækurnar með börnum sínum og eru foreldrar hvattir til að lesa með

börnunum. Samkvæmt viðtölum þegar pokarnir komu fyrst heim með börnum voru foreldrar mjög duglegir að taka þátt en hefur nýlega þátttaka ekki verið eins sterk.

Bækurnar eru á íslensku og foreldrar fá upplýsingar á heimamáli um mikilvægi heimalesturs og málörfun. Heimlestur er kynnt fyrir foreldrum sem gæðastund sem þau geta átt með börnum sínum. Talað var um að bækurnar væru eingöngu á íslensku þar sem erfitt reynist að fá bækur á öðrum malum. En að sögn þátttakanda hafa kennarar verið að hvetja foreldra að koma með bækur á (móðurmáli) heima tungumáli í skólanna til að deila með kennurum og öðrum börnum. Bókapokar voru kynntir á *Stóra Leikskóladeginum* á vegum Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar og í *Breiðholts bylgjunni* og voru tekin upp í grunnskólanum og hafa líka verið tekin í notkun í öðrum skólum að sögn viðmælenda.

Vinabekkir

Í grunnskólanum eru svo nefndir vinabekkir þar sem eldri börn í skólanum eignast vini í yngri bekkjum. Eldri börnin hitta yngri vini sína um það bil einu sinni í viku og þá lesa þeir saman sögur. Svipað verkefni er í gangi með börnum á yngsta stigi grunnskólans og börnum í leikskólunum. Slíkt verklag er þekkt aðferð til að auka lestrarfærni og byggir á ánægju af því að vinna saman þar sem þeir sem eru sterkari á svellinu aðstoða hin sem eru skemmra á veg komin. Þessi aðferð er ólík PALS aðferðinni þar sem hefur verið notuð með nemendum sem eru ekki á sama lestra stigi. Fyrir eldri nemendur skapast tækifæri til að sýna færni sína í hlutlausum aðstæðum og það virðist hvetja þau til aukins lesturs. Yngri börnin fá féлага sem sýnir gott fordæmi í lestri. Auk þess myndast tækifæri fyrir börn á ólíkum aldri til að kynnast betur og en við það eykst samskiptafærni þeirra. Um leið málörvast eldri og yngri barna í skóla þar sem meirihluti barnanna talar tvö eða fleiri tungumál.

Söngbækur

Elstu leikskólabörnin búa til söngbók á hverju ári. Söngbókin innheldur helstu lögina sem börnin læra að syngja í leikskólanum. Börnin geyma bókina í leikskólanum eftir útskrifina. Þegar börnin hefja grunnskólagöngu að hausti koma þau í heimsókn í gamla leikskólann sinn að sækja bókina og hitta gamla vini og kennara. Sungið er upp úr bókinni og síðan er farið með bókina aftur í grunnskólann og þar sem börn og kennarar geta notað hana. Þetta hefur byggt brú milli skólastiganna. Í fyrsta skipti sem bókin fór á milli skólastiga komu í ljós annmarkar t.d. vantaði samræmingu á blaðsíðum sem olli smá ruglingi þegar grunnskólakennarar reyndu að nota bækurnar. En með auknu samstarfi milli skóla hefur tekist að ráða bót á þessum vanda.

Foreldrar og foreldrasamstarf

Skólarnir sem taka þátt í verkefninu *Okkar mál* hafa aukið fræðslu fyrir foreldra. Gott dæmi um það er þátttöku aðlögun í leikskólunum. Annað dæmi er að útskrift leikskólabarna á vorin fer fram í grunnskólanum sem þau munu sækja um haustið og þar taka foreldrar virkan þátt. Í grunnskólanum er foreldrum boðið upp á fræðslufundi áður en börnin byrja í

skólanum og túlkar eru til staðar fyrir foreldra. Þessir fundir eru sameiginlegir með öllum foreldrum skólans. Á báðum skólastigum eru árlegir foreldrafundir og þá eru túlkar í boði fyrir foreldra sem þess þurfa. Upplýsingar um skólanna og starfsem þeirra er til á helstu tungumálum sem töluð eru í skólunum, eins eru bæklingar til í þjónustmiðstöð Breiðholts. Í grunnskólanum voru haldnir nokkrir bekkjarfundir sem heppnuðust vel og var að sögn kennara ágæt þátttaka. Leikskólar buðu upp á foreldra/ömmu afa kaffi, og voru haldinir nokkrar sýningar og menningarmót sem var vel sótt af foreldrum.

Íslenskukennsla fyrir foreldra

Leikskólinn Ösp býður uppá íslenskukennslu fyrir foreldra, sem tengir erlenda foreldra innbyrðis og skapar þeim sameiginlegt félagslegt umhverfi. Þar sem námskeiðinn eru kennd í skólanum eru þau einnig tækifæri fyrir foreldra til að tengjast skóla barna sinna. Bæði foreldrar og börn taka þátt í þessu verkefni og er í boði pössun fyrir börnin meðan foreldrarnir eru í sínum tímum og síðan er samverustund þar sem börn og foreldrar eru að læra og leika saman. Þarna lærast margir hlutir samtímis, foreldrar læra ögn í íslensku, kynnast innbyrðis og kynnast skólanum og íslensku skólafarfi.

Samstarfsáætlun fyrir skólana

Eins og komið er fram hér að ofan hefur þegar myndast veigamikil samstarf milli skólanna. Til þess að þróa þetta starf enn frekar er nú unnið að samstarfsáætlun fyrir skólana. Markmiðið er að gera samstarfið milli skólanna sýnilegra og að koma á fót skriflegum upplýsingum um starfið sem verið er að vinna í hverfissskólunum. Kennarar nota skráninga eyðublöð í skólaheimsóknum sem þeir telja að hægt væri að nota við skráningu á verkefninu og við þróun frekara samstarfs.

Þessi kafli fjallar um mat þátttakenda á helsta árangri verkefnisins *Okkar máls* á þau tvö ár sem það hefur verið í gangi. Viðmælendur töldu samstarfið ganga vel og að einn helsti styrkur þess fælist í að kennarar fengu tækifæri til að kynnast starfsfélögum í öðrum skólum og starfi skólanna. Að auki töldu þeir að verkefnið hefði skapað árangur t á ýmsum sviðum: T.d. í læsi, í þátttöku foreldra í ýmsum athöfnum.

Í næsta kafla er fjallað um þau atriði sem viðmælendur nefndu sem erfiðleika og hindranir í tengslum við verkefnið.

Kafli 2. Byrjenda erfiðleikar

(Hvað gekk ekki vel eða mætti hafa farið betur?)

Þrátt fyrir að verkefnið gengi vel komu í ljós ýmsir örðugleikar eins og algengt er í nýju samstarfi og stórum sameiginlegum verkefnum. Þátttakendur greindu frá því sem þeir kölluðu „byrjunar erfiðleika,“ og einn þátttakandi talaði um að ekki væru allir alltaf sammála um hvernig verkefnið átti að vinnast. Almenn tölur sögðu viðmælendur að þeir söknuðu samræðna um verkefnið við utanaðkomandi aðila. Þeir töldu að samræður sem fóru fram í upphafi verkefnisins hefðu þurft að halda markvissst áfram vegna þess hversu gagnlegar þær reyndust í upphafi. Stundum voru samstarfsaðilar óþreijufullir og skildu ekki af hverju allt færi ekki í gang strax. Einnig kom fram að ágreiningur hefði myndast og að einstakir starfsmenn gera verkefnið floknar en það þurfti að vera. Þar sem þátttakendur í verkefninu höfðu ólíkar hugmyndir um verklag og helstu áherslur í verkefninu, kom stundum upp óþolinmæði hjá samstarfsaðilum, sérstaklega ef að starfið virtist ganga hægt fyrir sig. Í upphafi fannst þátttakendum vanta skýra stefnu, og töldu að ekki lægi alltaf ljóst fyrir hvert vinnan stefndi. Mikið var rætt um að mörg verkefni sem virtust vera tengd verkefninu en voru samt ekki hluti af því, sköpuðu óþarfa flækjustig og því væri stundum erfitt að útskýra verkefnið fyrir kennurum. Þátttakendur tóku sérstaklega fram að starfið í skólunum væri flókið, erfitt, oft þreytandi en á sama tíma ríkt, krefjandi og uppörvandi þar sem sköpuðust mörg góð tækifæri til að vinna í fjölbreyttu umhverfi.

Byrjunar erfiðleikar

Fyrsti fundur skólanna

Að sögn viðmælenda var fyrsti fundur verkefnisins mjög erfiður. Þátttakendur virtust hafa ýmsar ranghugmyndir um starfsemi skólanna. Ríkjandi viðhorf voru fremur fordómafull um hvað var verið, eða ekki verið að vinna með börnunum. Viðhorf grunnskólakennara til leikskólanna tengdust því að „ófaglærðir einstaklingar“ voru að sjá um börnin og þess vegna væru þau ekki nægilega vel undirbúin fyrir grunnskólann. Á hinn bóginn ríktu hugmyndir um að grunnskólinn ynni lítið með félaglega þáttinn og gerðu óskýrar kröfur til barnanna. Einn viðmælandi sagði að læra hvernig starfsfólk skólanna töluðu um hvorn annan og gott að skilja hvað brynni á fólki. Í lok fundar kom í ljós hjá öllum fyrstu merki um að eitthverju væri hægt að breyta, bæði í skólunum og í samstarfinu.

Deildarstjóra fundir

Í skípulagi verkefnis er gert ráð fyrir að deildarstjórar héldu reglulega fundi en þeir höfðu ekki verið margir. Í viðtali við deildarstjóra kom fram að rýnihópaviðtalið var fyrsta tækifærið sem deildarstjóraum gafst til að ræða málin. Í viðtalinu komu fram óskir um meira og reglulegra samráð þar se munnt væri að bera saman verkefni og vinna meira með samstarfs möguleika skólanna. Í áætlun verkefnis kemur fram að verkefnastjórar, deildarstjórar og kennara í skólunum myndu taka virkari þátt í verkefninu, en vegna óstöðugleika í starfsmannahaldi í leikskólanna náðist það ekki til að byrja með. Starfsmannaveltan kom í veg fyrir breytingar og

Í upphafi var erfitt að funda með öllum þátttakendum og deila upplýsingar um verkefnið. Starfsmanna-breytingar í Ösp ollu því að skólastjóri Aspar mætti á fundi fyrir hönd skólans í stað deildarstjóra. Í Holti er verkefnastjóri sem mætir á verkefnastjórafundum og oft á stýrishópafundum, en hún var einnig með í rýnihópaviðtalinu við deildarstjóra.

Samstarf milli skóla

Þó að verkefnið snúist um samstarf milli skóla þá töldu viðmælendur að lítið samstarf væri á milli funda. Í ljós kom að það var mikið bil á milli þess sem átti að vinna á milli funda og þess sem var gert sem varð til þess að samstarfsaðilar voru lengi að feta sig áfram. Stundum fannst þeim vanta tíma til að vinna saman og upphaflega fundu þeir fyrir árekstrum og núningi. Erfitt reyndist að fá alla til að taka sömu stefnu og það reyndist einnig erfitt fyrir verkefnisstjórna að þurfa reglulega að réttlæta verkefnið fyrir þátttakendum sem eiga þó að vera forsvarsmenn verkefnisins í sínum skólum.

Eins og viðmælendur töluðu um voru þessir árekstrar vegna þess að fólk sem hugsar ekki eins var að vinna saman og súmir búa við akveðin óæskileg viðhorf (fórdóma) sem ekki var gert ráð fyrir. Vinna þurfti með þessi viðhorf á markvissan hátt til að koma á betri skilningi á vinnunni og hugmyndir um fjölmenningslegt starf. Voru viðmælendur meðvitaðir um að mikilvægt væri að sýna góða framkomu við alla og að útiloka ekki lykilaðila svo að skólarnir gætu byggt upp gott og viðvarnalegt samstarf. Í sumum tilfellum til dæmis þar sem aðili skapar erfitt samstarfsumhverfi var talið mikilvægt að vinna með honum til að breyta viðhorf hans. Mikilvægt var að verkefnastjóri hafði utanaðkomandi aðila til að ræða málin við til þess að vinna úr ágreiningsmálum með málefnislegum hætti.

Reynsla og viðhorf viðmælenda til samstarfsaðila, kennara og nemenda

Í upphafi ríkti nokkur togstreita á milli þátttakenda í leikskólunum og grunnskólanum. Þeir höfðu ólík viðhorf sem þurfti að samræma. Leikskólakennarar töluðu um að teygja sig upp í grunnskóla. En þar sem einungis einn grunnskólakennari kom í viðtal náðist ekki að skoða nánar upplifun þeirra á samstarfinu.

Fyrstu fundirnir með sérfræðingum í málörvun og málþroska urðu til þess að kennarar töldu þekkingu sína á nemendum og aðstæðum þeirra vanmetna af sérfræðingum. Að sögn nokkura viðmælenda gekk samstarfið við aðrar stofnanir brösuglega og hægt. Vegna sérstöðu hverfisins og álags sem skapast vegna greininga á þörfum barna er löng bið eftir félagsráðgjafum og enn lengri bið eftir greiningu fyrir nemendum með hegðunar- og annars konar erfiðleika. Að auki komu í ljós að hugmyndir um ofgreiningu á fjöltyngdum börnum væri algeng sem bendir til þess að hugmyndir um þroska og fjöltyngi væri enn í anda þeirra rannsókna á börnum sem beinast að því sem þau skortir en ekki því sem þau hafa fram að færa.

Þegar leikskólakennararnir fengu tækifæri til að fara með börnin í íþróttahús grunnskólans á fyrsta árinu, talað var mikill munur á því hvernig leikskólakennarar upplifðu móttöku þeirra og barnanna. Eins og kemur fram í upphafi skýrslunar var rætt um að

stundum upplifuð leikskólakennarar, foreldrar og leikskólanemendur grunnskólan sem ógnvekjandi og fannst leikskólakennurum sem þeir mættu neikvæðu viðmóti. Þetta birtist meðal annars í því að úthlutaðir tímar í íþróttahúsinu lentu á sama tíma og hvíldartíminn í leikskólanum. Þegar því hafði verið breytt komu leikskólakennarar að læstu húsi og áttu auk þess erfitt með að fá aðgang að boltum og öðrum tækjum í leikfimisalnum. Í fyrstu var íþróttakennarinn ekki á staðnum til að sýna þeim aðstöðuna en síðan fengu leikskólakennararnir bannlista. Leikskóla-kennurum fannst þær ekki vera velkomnar, en að sögn þátttakanda hefur þetta breyst og heimsóknir í skólann, íþróttahúsið smiðjur, vorskóla, og þátttöku foreldra og grunnskólans í útskrift leikskólabarna a sýnt allt aðra og jákvæðari hlíð á samstarfinu. Þetta er ekki lengur eins ógnvekjandi.

Menningarlegir og félagslegir þættir

Ýmsir nemendur og fjölskyldur í hverfinu búa við erfiðar félagslegar aðstæður þannig að skólarnir eru ekki eingöngu að sinna tvítyngdum/fjölytyngdum og innflytenda fjölskyldum heldur þurfa þeir að takast á við fjölmörg vandamál og starfið er mikilvæg fyrir öll börn hvaðan sem þau eru upprunnin. Í viðtölunum var nefnt að stundum væri gengið út fra að allir hefðu sömu hugmyndir um þarfir nemenda, barna og fjölskyldna. Hugmyndir samstarfsaðila, og foreldra um tvítyngi, menningar mun og málþroska voru að þróast og voru ekki allir á sama máli um hvaða áherslur skyldu hafa forgang, sem dæmi má nefna umræða á Facebook í tengslum við kynningu á *Tákn með tali* (sem er fyrir börn sem eiga erfitt með að tala og eru seinþroska) og voru ekki allir þátttakendur á sama máli um hvort að þessi aðferð gagnaðist þeirra barnahópi. Nokkrir vildu leggja meiri áherslu á hvernig aðrir voru að nota þessa aðferð með börnum. Í umræðunni kom fram að nokkrum fannst árangur ríkara að nota myndir en *Tákn með tali* og fannst að hefði mátt að vera lengri og meiri umræða og athugun á viðhorfum um aðferðina.

Viðmælendur töldu þjónustumæðistöðina gera miklar kröfur en ekki veita nægan stuðning. Vildu kennarar öðlast betri skiling á hlutverk þeirra í að leggja fyrir börn talskimunarpróf og ýmsa gátlista. Einnig voru ekki allir á sama máli um hvað ætti að greina sem málþroska vanda og hvað væri eðlileg máltaka hjá tvítyngdu barn.

Viðhorf foreldra til hverfisins, skólanna og annara íbúa var mismunandi. Kennarar töldu sig hafa orðið vara við neikvæð viðhorf foreldra, innlenda sem erlenda til þessa hverfis og þeirrar þjónustu sem skólarnir bjóða upp á. Sumir foreldrar töldu skólana slæma og vildu ekki að börn þeirra gengi í þá en þegar þeir fréttu að sumir kennararnir sendu börn sín í hverfisskólanna urðu þeir ánægðari með skólastarfið. Einn viðmælandi nefndi líka að hún hefði orðið vör við að sumir erlendir foreldrar væru með fordóma gangvart íslensku samfélagi og mismunandi menningalegum þáttum og rætt var hvernig mætti vinna gegn fordómum í hvaða átt sem þeir beindust.

Frumkvæði og eignarhlut

Fram kom að verkefnastjórar *Okkar máls* vildu að samstarfsfólk hefði meira frumkvæði í verkefninu, og að kennara mundu taka meiri þátt í verkefninu. Rætt var um að í byrjun hafi

markmið verkefnis svo viðamikil og vinnuskipulagið óljóst. Kennarar hefðu viljað fá betri fræðslu um samstarfið og verkefnið. Upphaflega voru flestir kennarar, sem komu að verkefninu, ekki nægilega upplýstir um verkefnið og vildu öðlast betri skiling á því hvað taldist vera hluti af *Okkar máls* verkefninu og hvað hluti af öðrum verkefnum sem hefðu svipuð markmið.

Að sögn þátttakenda vita kennara á yngra stigi í leikskólunum lítið um verkefnið og fundu lítið fyrir því í starfi sínu, þó að málörvun og málþroski barna byrji snemma og haldi áfram alla skólagönguna. En kennarar á yngra stigi leikskólans eru nú að vinna með málörvun og félagslega þætti með skýrara móti en áður. Í tengslum við frumkvæði var nefnt að kennarar og skólastjórnendur fundu fyrir því að þá vantaði meiri undirbúningstíma fyrir verkefnið en hann gafst ekki á vengjulegum vinnutíma. Að lokum var spurt um virkni þátttakenda á fésbók sögðu margir að litill tími gæfist til að nota það í vinnuni og tíminn utan vinnunar væri helgaður fjölskyldunni og kennarar töldu þátttöku á fésbók vera auka vinnu.

Viðmælendur töldu flest öll vandamálinn auðleysanleg enda höfðu flest ágreiningsmál verið fljótlega afgreidd. Þátttakendur töldu að samstarfið hafi leitt til viðhorfsbreytinga meðala annars vegna aukinnar þekkingar og skilnings á hvernig leikskólar og grunnskólar nálgast börnin í og fræðslu þeirra bæði á mismunandi og smabærilegan hátt. En á sama tíma þurfti að halda áfram vinna með verkefni sem tengjast fjölmenninglegu samfélagi með það að leiðarljósi að starfið er í stöðugri þróun. Í næsta kafla er fjallað um hvernig þátttakendur sjá framhald starfsins fyrir sér.

Kafli 3. Næstu skref

(Hvað viltu sjá gerast næst?)

Í þessum kafla er fjallað um hugmyndir þátttakenda um næstu skref verkefnisins bæði á næstu ári og þegar horft er lengra fram á veginn. Rætt var um gefandi starf og áhuga áframhaldi verkefnisins og samstarfsins. Helstu áheslur beinast að eflingu foreldrasamstarfs, frumkvæði og aðkoma samstarfsaðila.

Frumkvæði, ábyrgð og samstarf

Viðmælendur lögðu fram hugmyndir um að gott væri að búa til skýrari verkaskiptingu í tengslum við vinnu við verkefnið og að leggja áherslu á ábyrgð skólanna á framgangi verkefnisins. Þeir vildu að stjórnendur og kennarar mótuðu og skerptu á áherslum verkefnisins. Einnig kom fram að deildarstjórar töldu sig hafa gott af því að ræða saman í rýnihópunum og vildu oftara halda reglulega fundi og ræða saman. Að þeirra mati var mikilvægt og örvandi að hittast, ræða málin og skiptast á hugmyndum, Mikill áhugi var á að skoða betur starfshætti skólanna, skipuleggja verkefnið betur og styrkja samstarfið milli skólanna. Einnig ræddu deildarstjórar um að gott væri að auka samstarf milli leikskóla, sem dæmi var talað um að fara í leiðangur í Elliðaárdalinn og finna fleiri daga sem hægt væri að nýta í samstarf.

Stungið var uppá að gott væri fyrir kennarar á báðum skólastigum að vita hvaða kennsluaðferðir og áherslur verða notaðar í hinum skólunum. Þeir töldu að reglulegir fundir í september þar sem skólarnir gætu skipst á upplýsingum um helstu stefnur og áherslur skólaársins á báðum skólastigum gætu greitt götu verkefnisins. Að auki töldu viðmælendur um að gott væri að hafa fund til að búa til sameiginlega námsáætlun fyrir elstu börn leikskólans og yngstu nemendur grunnskólans til að skapa aukna samfellu í námi og skólagöngu barnanna (og er þetta í vinnslu núna). Þróun áætlunarinnar gæti nýst þátttakendum verkefnisins við að skoða nánar hvernig hægt væri að nýta kennsluaðferðir og gögn sem milli skólastiga. Einnig væri hægt að skapa líflega umræðu um hvernig skólastigin gætu myndað hvetjandi og menningaríkt námsumhverfi. Kennarar og skólastjórnendur ræddu um hvernig vinna mætti betur með félagslega þætti á báðum skólastigum einnig var mikill vilji til að styrkja samvinnu og auka samskipti við þjónustumiðstöð Breiðholts.

Eins og fram hefur komið vildu kennarar fá meiri fræðslu um úrræði, félagslega þætti, og námsefni en sem dæmi nefndu þau fræðslu um K-PALS lestaraðferðina sem notuð er í grunnskólanum og einingarkubbana sem eru notaðir við stærðfræði kennslu í leikskólum. Talað var um að skólarnir vildu auka samstarfið við frístundstarfið í hverfinu og félagsmiðstöðina í Gerðubergi. Frístundastarfið er hluti af námi barna í fyrsta og öðrum bekk og tengist verkefninu 1, 2 *Fellaskóli*. Nefnt var að búa mætti til tækifæri fyrir leikskóla börn og aldraða íbúa til samverustunda en það gæti eflt málþroska barnanna. Rætt var um að litill tími gæfist til að vinna með heimamenningu og þekkingu (kunnáttu) sem að börnin kæmu með sér að heiman og inn í skólana til að styrkja þekkingu allra barna á þeim menningalega

margbreytleika sem einkennir hverfið. Deildarstjórar og kennarar vildu læra meira um hvernig vinna megir með heimamenningu og fjölmenningu í skólastarfinu og talið var gott að fá fræðslu um helstu leiðirnar til að vinna með þessa þætti.

Kennarar sögðu kynningarnar á milli skóla hefðu aukið líkur á að þeir færu töluðu sama fagmál. Leikskólakennarar vildu fleiri tækifæri til að kynna leikskólastarf fyrir grunnskólakennurum og læra meira um missmundi snertifleti á milli skóla. Var þegar komin áætlun um að næsta vetur yrðu leikskólakennarar með kynningar fyrir grunnskólakennarana þar sem þeir myndu kynna bókakokana og svæðisflæði til að sýna hvað leikskólarnir eru að gera og til skoða hvernig hægt er að auka samskipti og samstarf.

Foreldrasamstarf

Til viðbótar því sem þegar hefur komið fram um foreldrasamstarf var nefnt að opna skólana meira fyrir foreldrum til dæmis með því að bjóða þeim upp á sjálfboðaliða störf og að finna þyrfti fleiri leiðir til að vinna með heimamenningu barnanna. Sem dæmi væri hægt að nota söngva sem börn syngja heima í söngbókinni, hægt væri að bjóða foreldrum að kenna börnunum að syngja á heimamáli (móðurmáli) sínu og síðan gætu börnin kennt grunnskólakennurum lögin þegar farið er í heimsókn til að ná í bækurnar á haustin.

Þátttakendur töldu samstarf foreldra og skóla enn vera á frumstigi, en unnið væri markvisst að því að þróa það, enda býr í þessum hópi fjölbreytt reynsla sem hægt væri að ræð um til að finna nýjar og árangursríkarleiðir til að virkja alla foreldra, hvort sem það er í tengslum við að auka fræðslu eða að bjóða foreldrum og fjölskyldum tækifæri til að vinna með skólastarfinu.

Einnig vildu skólarnir vinna gegn fordóma foreldra einkum fordómum gagnvart íslensku samfélagi og finna nýjar leiðir með foreldrum til að skapa opna umræðu um hvers vegna við gerum ýmsa hluti á Íslandi og hvernig þeir geta verið öðruvísi annars staðar. Sem dæmi um svona starf mætti skoða íslensku námskeiðið sem er í boði í Ösp sem að sögn leikskólustjórans er orðið tækifæri fyrir foreldra að eiga samveru stund og byggja upp tengslanet. Þar sem leikskólinn og grunnskólinn er fyrsta tækifæri foreldra til að kynnast íslensku menntakerfi og væntingar og kröfur bæði foreldra og skólanna.

Að lokum kom fram að gott væri að sjá starfið hríslast í efri bekk grunnskólans og væri gott að fá fræðslu og dæmi um leiðir væru til að ræða hvernig hægt er að vinna með málörvun, fjölmenningu og félagslega þætti í tímum eins og nátturfræði og stærðfræði.

Stóru stefnurnar (Hvert viltu sjá verkefnið stefna?)

Oft og endurtekið var talað um að mikilvægt væri að börn og foreldrar þeirra finna fyrir öryggi og hafa góða reynslu af skólanum í hverfinu. Og var mikill vilji að kenna tungumál „valdsins“ (hér er átt við að gefa þurfi foreldrum og börnum aðgang að kerfinu og orðræðunni innan skólana) en samræður um vald og orðræðu eru ekki algengar í íslensku skólakerfi. Þátttakendur vildu gefa foreldrum tækifæri til að koma og taka þátt í skólastarfinu.

- Mikilvægt er að sjá þetta verkefni og þessa vinnu sem leið til að hvetja skólana og foreldra til að líta á tungumál og fjöltyngi sem styrkleika, og komu viðmælendur með nokkur dæmi um slíkt starf til dæmis að: láta börnin vinna kynningar á sínu tungumáli, búa til og skrifa bækur á mörgum tungumálum sem hægt væri að sýna og þar sem börn mundu upplifa sig sem virka og sterka þátttakendur í eigin skólagöngu.
- Efla þarf trú fullorðinna á þekkingu, hæfileikum og getu barna almennt og hvetja starfsfólk og foreldra til að vera opin fyrir að prófa og gera nýja hluti og sleppa því sem ekki virkar.
- Búa þarf til samstarfsáætlun og bók/bækling með upplýsingum um verkefnið: það sem unnið er með, hvað hefur reynst vel, hvað ekki, til að búa til stofnannaminni og vinna að sameiglegri samantektarskýrslu, þar væri upplagt að hafa dæmi um góð verkefni.

Það er mikilvægt að skoða hvort til séu leiðir til að bjóða upp á ókeypis fræðslu fyrir foreldra, eins konar uppeldisfræðsla eins og *Uppeldi til framtíðar* til að styrkja óörugga foreldra. Sumir töldu gott að fjölga foreldramorgnum, opna skólastofur og finna fleiri stundir fyrir foreldra til að dvelja í skólunum.

Oft vilja kennara hjálpa en margt kemur í veg fyrir að þeir geti sinnt foreldrafræðslu sem skyldi. Má þar nefna ýmsar starfsskyldur, tengsl við fræðslumiðstöð, aðgang að félagsráðgjafa og sálfræðingi. Gott væri að hafa alhliða félagslega þjónustu inni í skólanum eða að greiða aðgang barna að viðeigandi úrræðum. Foreldrar geta fengið símatíma eða ráðgjafa í skólann en það er allt of löng bið í Þjónustumiðstöð Breiðholts. Oft vantar fræðslu fyrir foreldra í tengslum við þau úrræði sem er í boði og væri gott ef félagsráðgjafar kæmu reglulega að tala við og fræða starfsfólk og foreldra auki þess sem gott væri að hafa samráðsfundi með fræðimönnum.

Lokaorð:

„Við erum að gera þetta barnanna vegna.“

Verið er að móta jarðveginn fyrir fjölskyldur og börn í hverfinu. Á báðum skólastigum eru vonir bundar við að málin þrósit þannig að börn njóti góðs af. Í leikskólum var mikið rætt um börnin og fjölskyldur þeirra en á grunnskólanumi var meira rætt um getu barna og starf kennara. Þessar áherslur endurspeгла aðalnámskrár skólastiganna. Einnig var mikil áhersla á umræðu um menningu og menningarmun í leikskólanum en í grunnskólanum er rætt um íslensku kunnáttu og læsi. Á báðum skólastigum er mikilvægt að skilja reynslu barna sem eru að læra nýtt tungumál og foreldra sem eru að læra að fóta sig í nýrri menningu og aðstæðum sem gæti verið mjög ólík þeirra fyrri reynslu af menningu og skólastarfi. Börn og foreldrar þurfa að finna að að virðing sé borin fyrir heimamenningu þeirra.

Sterkt og gott samstarf hefur þróast meðal þátttakenda í verkefninu og margt farið að ganga betur en í byrjun þess á báðum skólastigum. En það þarf að vinna betur að því að gera verkefnið sjálfsprottið í skólunum og mikilvægt að stjórnendur taka þá vinnu að sér. Hvetja þarf kennara til að koma með ný verkefni og deila þeim með öðrum t.d. deildarstjórum, verkefnastjórum og öðrum kennarum. Gott væri að skoða hvar og hvernig er unnið með málörvun annarstaðar en í hefbundum námskeiðum og með yngri börnun í leikskólunum. Skólarnir þurfa að halda áfram að gera kröfur til kennara sinna og auka ábyrgð stýrihópanna. Einnig er mikilvægt að fá verkefnastjóra og stýrihópa til að rýna reglulega og markvisst í hlutverk sín og framgang starfsins. Samstarfsfólk þarf að takameiri þátt í verkefninu og hlúa þarf að slíkri þróun ásamt því að hrinda stöðugt af stað fersku og sterku skólastarfi.

Að lokum í tengslum við áframhaldandi úttekt og samstarf við rannsóknarhóp og fræðimenn í Háskóla Íslands er mikilvægt að rannsakendur hafi aðgang bæði að starfinu og kennurum í skólunum. Gott væri að taka viðtöl við kennara í fyrsta og öðrum bekk í grunnskólanum, samstarfs aðila í þjónustmiðstöð og kennara á yngstu barna leikskólanna.

Höfundur skýrslu: Brynja Elísabeth Halldórsdóttir (PhD.) Uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasvið, Háskóli Ísland